

FÖSTUDAGSMOLINN

Í ÁRSHÁTÍÐARSTUÐI



Gaman hjá stelpunum í 10. bekk í smíði.



Ásgerður og Ágústa vandvirkar í heimilisfræði.

FRAMUNDAN

Mánudagur 7. nóvember

Matseðill: Fiskur í orlý, hrísgrjón, salat og sósur.

- Kóræfing í hádeginu.

Þriðjudagur 8. nóvember - **BARÁTTUDAGUR GEGN EINELTI**

Matseðill: Lambapottréttur og grænmetispottréttur, hrísgrjón, salat og melónur.

- **ALLIR HVATTIR TIL AÐ MÆTA Í GRÆNUM FÖTUM!**
- Heimanám kl 14:30 í stofu 5. bekkjar.

Miðvikudagur 9. nóvember

Matseðill: Soðinn fiskur, kartöflur, brætt smjör, rúgbrauð, salat og grænmeti. Kaldur búðingur í eftirrétt.

Fimmtudagur 10. nóvember

Matseðill: Kjúklingalagsagna, hrísgrjón, salat og grænmeti

- Heimanám kl 14:30 í stofu 5. bekkjar.

Föstudagur 11. nóvember

Matseðill: Hakk með penne-pasta, salat og grænmeti (nauta og lambahakk)

- Nemendur mæta í skólann kl 9:30
- Generalprufa í félagsheimili kl 10:00
- Skólabílar keyra heim kl 12:20.
- Árshátíð í Félagsheimilinu á Hvammstanga kl 18:15. Nemendur mæta kl 17:45

Við minnum foreldra á mikilvægi þess að tilkynna forföll til ritara eða umsjónarkennara.

HITT OG ÞETTA



NEGLUR_BY_GUDVEIG

Hún Guðveig okkar er búin að vera á námskeiði í naglafræði. Hún á eftir að skila 20 verkefnum til að klára námskeiðið og því tilvalið fyrir áhugasama að skella sér í neglur til Guðveigar. Það er hægt að hafa samband við hana í gegnum instagram. Hér fyrir neðan má sjá sýnishorn frá nokkrum verkum hennar.



Eva og Lamis áttu afmæli í vikunni 🥳



Starfsfólk hefur tekið sig saman síðustu ár og tekið þátt í jóli í skókassa. Í ár sendum við 10 kassa.

8. nóvember er Baráttudagur gegn einelti og ætlum við í tilefni hans að klæðast grænum fatnaði sem tákn um hvar við viljum vera staðsett í eineltishringum.



Þegar árshátíðarvikan er gengin í garð er mikil röskun á venjulegu starfi sem getur verið erfitt og kvíðavaldandi fyrir suma. Við viljum hvetja nemendur og foreldra að hafa samband við okkur ef uppbrotið er nemendum erfitt. Við viljum styðja við nemendur svo þeim líði vel í þessari annars skemmtilegu viku.



HLÖKKUM TIL AÐ SJÁ ÞIG Á

ÁRSHÁTÍÐ

GRUNNSKÓLA

HÚNAÞINGS VESTRA

ÁRSHÁTÍÐ GRUNNSKÓLA HÚNAÞINGS VESTRA
VERÐUR HALDIN FÖSTUDAGINN 11. NÓVEMBER 2022
Í FÉLAGSHEIMILINU HVAMMSTANGA.

NEMENDUR MÆTI KL. 17:45

ÁRSHÁTÍÐIN HEFST KL. 18:15

MEÐ SKEMMTIATRÍÐUM Í FÉLAGSHEIMILINU HVAMMSTANGA.

DANSLEIKUR FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA HEFST UM KL. 19:30 OG STENDUR TIL KL. 21:30.

SJOPPA Á VEGUM 10. BEKKJAR VERÐUR OPNUÐ KL. 17:45 OG ER OPIN ÞAR TIL SÝNING
HEFST OG OPNAR SVO AFTUR AÐ SÝNINGU LOKINNI.

MÍÐAVERÐ Á ÁRSHÁTÍÐINA ER 2000 KR.
FRÍTT FYRIR NEMENDUR OG BÖRN UNDIR GRUNNSKÓLAALDRI.

GENERALPRUFA VERÐUR KL. 10:00 Á FÖSTUDAG OG ÞAR SJÁ NEMENDUR ÖLL ATRÍÐI.
AÐGANGSEYRIR Á GENERALPRUFU FYRIR AÐRA EN NEMENDUR ER 1.000 KR, MÍÐAR SELDIR
VIÐ INNGANG.

ATHUGIÐ AÐ EKKI ER HÆGT AÐ GREIÐA MEÐ KORTUM. HÆGT ER AÐ LEGGJA INN Á
REIKNING NEMENDAFÉLAGSINS (0159-05-60055 / KT. 540611-0680) OG FRAMVÍSA KVITTUN
VIÐ INNGANG EÐA GREIÐA MEÐ REIÐUFÉ VIÐ INNGANG.

MÍÐAR SELDIR VIÐ INNGANG - ENGINN POSI

ÁRSHÁTÍÐARKVEÐJA FRÁ NEMENDUM OG STARFSFÓLKI
GRUNNSKÓLA HÚNAÞINGS VESTRA.